



Létt viðhald og viðgerðir

Nýtt fyrirkomulag vegna léttis viðhalds og viðgerða á heimilum Geysisfélaga verður tekið í gagnið frá og með febrúar. Félagar munu geta fengið umsóknarbeiðni í móttöku klúbbsins, sem þeir fylla út og útskýra eðli verksins og hvenær þyrfti að framkvæma það. Gefinn verður út listi þar sem skilgreint er hvers konar verkefni falla undir „létt viðhald og viðgerðir í heimahúsum,“ auk áætlaðs tíma sem verkið tekur. Þá ættu félagar og starfsfólk ekki að þurfa að velkjast í vafa um það hvers konar verkefni er verið að tala um. Bent er á að félagar kynni sér þetta fyrirkomulag og noti þær boðleiðir sem það felur í sér.

Klúbbsamtak Geysis er opið alla vikna daga frá kl. 09:00 - 18:00
á milli föstudaga og laugardaga kl. 12:00.
Fyrsta fundunag hefur mánaðar er opud kl. 21:00

Framundan í febrúar

Fimmtudaginn 5. febrúar verður opið hús til kl. 21.00

Föstudaginn 13. febrúar verður Porrablót. Dagskráin og borðhald hefst kl. 18.30

Laugardaginn 14. febrúar ætlum við að ganga frá Ægisíðu að Nauthól. Við leggjum af stað kl. 13:00 frá Skipholti 29

Kaffihúsaferð 19. febrúar við ætlum að hittast á kaffi Kultur í Alþjóðahúsinu á Hverfisgötu..Endlilega látið sjá ykkur.

Deildarfundir

Fundir í deildum eru nú haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir þau verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félagar til mæta á þessa fundi.

Húsfundir!

Húsfundir eru haldnir tvisvar í viku, mánudaga kl. 09:30 og miðvikudaga kl. 13:00. Ef félagar vilja taka áhrif og koma viðarmálefnum sínum á framfæri eru húsfundir rétt vettvangurinn til að taka þær í mættu starfsemi.

Allir að mæta!!!

Litli Hver



Ralph Bilby atvinnumálasérfræðingur ICCD var á Íslandi 13. og 14. janúar síðastliðinn. Ástæða komu hans til landsins var að aðstoða Klúbbinn Geysi við að samningum um RTR störf fyrir félag í Geysi. Ralph var mjög ánægður með dvölinu og sést hér á myndinni að ofan ásamt Önnu Valdemarsdóttur framkvæmdastjóra klúbbsins.



Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími: 551-5166
Netfang: geysir@heimnet.is
Veffang: www.geysir.is

Góður gestur



Ralph Bilby ásamt Önnu á góðri stundu í móttöku Geysis

Þriðjudaginn 13. janúar rak á fjörur okkar góðan gest frá Ameríku Ralph Bilby. Hann kom hingað til að kynna Ráðningu til Reynslu (RTR), fyrir fyrirtækjum og hjálpa okkur að leita að störfum. Ralph hefur víða farið í sama tilgangi og getið sér góðs orðstýrs. Hann var hjá okkur í tvo daga og heimsótti fyriræki með félögum og starfsfólki. Þau fyrirtæki sem við fengum viðtöl hjá voru Húsdýragarðurinn, Delta Pharmaco, Reykjavíkurborg, Borgarbókasafnið, Íslandsbanki, Félagsmálaráðaneytið og Menntamálaráðaneytið. Við fengum góðar viðtökur á öllum stöðum og vonumst til að þetta skili sér í nokkrum störfum sem byggja á (RTR). Enn sem komið er hafa fyrirtækin samt ekki tekið ákvörðun um ráðningar. Þess má geta að Ralph var mjög hrifinn af heimsókninni hingað og leist vel á

land og þjóð. Lítill tími gafst hjá honum til skoðunarferða en hann skellti sér samt í Bláa lónið kvöldið áður en hann yfirgaf Ísland. Við viljum að lokum þakka Ralph fyrir þessa stuttu heimsókn og vonumst til að þetta komi til með að skila sér í framtíðinni og efla stafsemi klúbbsins í framtíðinni

Frá ferðanefnd

Byrjað er að skipuleggja fyrir-hugaða sumarferð til Vestmannaeyja fyrstu helgi í júní. Ekki er samt neitt ákveðið enn þá hvort verður farið til eyja. Margt er að gæta áður en slík ferð er ákveðin og athuga þarf einnig áhuga hjá félögum og hvað ferðin má kosta. Þegar er byrjað að athuga með verð og gistingu út í Eyjum og látum við félagar vita nánar um framvindu mála

Dansnámskeið

Verið er að athuga með áhuga fyrir dansnámskeiði á vegum klúbbsins. Ef þið hafið áhuga endilega látið í ykkur heyra. Það er hægt að skrá sig á námskeiði í klúbbum. Ekki hefur enn verið ákveðið með tíma þar sem fyrst þarf að kanna áhuga félaga á námskeiðinu. Einnig er ekki vitað um verð enn þá en það skýrist vonandi brátt.

Hádegisfréttir

Klúbburinn Geysir hefur hafið útgáfu Hádegisfréttanna, sem dreift er innanhúss en fyrsta tölublaðið kom út þriðjudaginn 20. janúar. Hugmyndin að baki útgáfunni er fengin úr þjálfuninni í Genesis klúbbum, þar sem sambærilegt fréttablað er gefið út. Í blaðinu kennir ýmissa grasa en þau eru; viðmiðunarregla dagsins ýmsar tilkynningar og fréttir af starfi

Þorrablót

Híð árlega þorrablót verður haldið í Klúbbum þann 13. febrúar. Borðhald hefst kl. 18.30 og verður spilað og dansað á eftir. Aðgangseyrir verður kr.750 og frítt fyrir börn 10 ára og yngri. Æskilegt



er að þeir sem ætla að mæta í gleðskapinn greiði fyrir kl.15.00 föstudaginn 13. febrúar. Þess má geta að undirbúningur fyrir blótið er hafinn og hljómsveit hússins er

félagar fram að hádegi, þeir sem eiga afmæli fá nafn sitt birt í blaðinu þann daginn, hádegismatur dagsins er fær sitt pláss, auk þess sem hampað er einu spakmæli að virkja andann til góðra hugsana. Síðast en ekki síst er mynd dagsins, sem ætlað er að lýsa því fjölbreytta starfi sem félagar taka sér fyrir hendur í klúbbum. Ritsjórn Litla Hvers óskar ritstjórn Hádegisfréttanna til hamingju með framtakið, enda fagnar Litli Hver allri góðri samkeppni.

þegar byrjuð að æfa. Ef menn hafa einhverjar hugmyndir um skemmtiatriði þá endilega komið þeim á framfæri. Munið að koma með góða skapið með ykkur svo að blótið verði sem eftirminnilegast.

Líkamsrækt

Upp hefur komið sú hugmynd að við förum í líkamsrækt saman og reynum að gera okkur „fitt“ og flott „þ.e. flottari en við erum nú þegar“. Hugmynd þessi er á byrjunarstigi enn sem komið er, en áætlað er að leyta tilboða hjá líkamsræktarstöðvum og kanna hve mikill áhugi er fyrir hendi hjá meðlimum og starfsfólki. Þeir sem hafa áhuga á þessu skrái sig á lista í móttökunni hjá Klúbbum Geysi. Ætlunin er að líkamsræktin verði á opnunartíma klúbbsins.